

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn, átti að vera 5. febrúar 2025, var frestað vegna óveðurs. Dagskrá og fundargögn send stjórnarmönnum ÍBH, bókanir og samþykktir í gegnum tölvupóst.

Stjórn ÍBH: Hrafnkell Marinósson, Hildur Vilhelmsdóttir, Anna Lilja Sigurðardóttir, Ragnar Hilmarsson, Aðalbjörg Óladóttir, Magnús Gunnarsson, Viðar Halldórsson, Arnfríður Kristín Arnardóttir og Már Sveinbjörnsson.

Dagskrá:

1. Skráningar aðildarfélaga bréf frá ÍSÍ 7. janúar 2025

Lagt fram til kynningar. Verið er að skerpa á skyldum héraðssambanda / íþróttabandalaga varðandi eftirlit á skráningu iðkenda aðildarfélaga og að aðildarfélög vandi til verka við skráningar iðkenda sinna félaga, svo íþróttahreyfingin hafi áreiðanleg gögn hverju sinni.

2. Vorfjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun

Vorfjarnám 1. og 2. stig ÍSÍ hefjast mánudaginn 10. febrúar nk., lagt fram til kynningar, allar upplýsingar hafa verið sendar á aðildarfélög ÍBH.

3. Breytingar á svæðisfulltrúum á höfuðborgarsvæðinu

Hansína Þóra Gunnarsdóttir er nýr svæðisfulltrúi á höfuðborgarsvæðinu. Sveinn Sampsted er kominn í veikindaleyfi. Björg Ásta Þórðardóttir leysir Svein af og hóf störf mánudaginn 3. febrúar 2025.

4. Keila er almenningsíþrótt

Bréf frá Keilusambandi Íslands frá 15. janúar 2025, lagt fram til kynningar.

5. Siglingaþing 2025

Verður haldið laugardaginn 22. febrúar 2025, upplýsingar um þingið lagðar fram til kynningar.

6. Fræðsluefni fyrir erlenda þjálfara og forráðamenn

Póstur frá ÍSÍ frá 27. janúar 2025, lagður fram til kynningar. Fimm stutt myndbönd hafa verið gerð, með það að markmiði að auka þekkingu erlendra þjálfara / forráðamanna á menningu og skipulagi íþróttahreyfingarinnar, sjá nánar isi.is, fræðsla, foreign coaches / parents.

7. Þingboð körfuknattleiksþing 2025

Körfuknattleikssamband Íslands boðar til körfuknattleiksþings 15. mars 2025 á Grand Hótel Reykjavík, nánari upplýsingar um þingið lagðar fram til kynningar.

8. Sundþing 2025

Sundþing SSÍ 2025 verður haldið 29. mars í Reykjavík, upplýsingar um þingið lagðar fram til kynningar.

9. Hestamannafélagið Sörli – Varðandi erindi frá Skattinum

Bréf frá 31. janúar 2025, lagt fram til kynningar. ÍBH þakkar Hestamannafélaginu Sörli fyrir mikilvægar upplýsingar inn í umræðuna sem er í gangi um þessar mundir.

10. Lög Golfklúbbsins Keilis

Bréf frá ÍSÍ dagsett 31. janúar 2025 með athugasemdum ÍSÍ á lögum Golfklúbbsins Keilis lagt fram, stjórn ÍBH gerir engar frekari athugasemdir við lögina.

11. Hækkandi aldursviðmið frístundastyrks

Upplýsingar frá aðildarfélögum ÍBH um fjölda og æfingagjöld hjá 19 – 25 ára iðkendum félaganna lögð fram til kynningar.

12. 54. þing ÍBH starfsmenn og nefndir

Starfsmannalisti og nefndir 53. þings ÍBH árið 2023 lagður fram til kynningar.

13. Önnur mál

a). Tilboð í hönnun og uppsetningu á nýjum vef fyrir ÍBH frá fyrirtækinu Pineapple frá 4. febrúar 2025, lagt fram. Nefnd stjórnar ÍBH fundaði með fyrirtækinu um verkefnið. Samþykkt að taka tilboðinu.

b). Klifursamband Íslands boðar til klifurþings 2025 sem verður haldið 5. mars á höfuðborgarsvæðinu, upplýsingar um þingið lagaðar fram til kynningar.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.